

- d) Gistiprófessorar, sérfræðingar og styrkþegar, er vinna að tímabundnum verk-efnum, rannsóknnum eða kennslu.
- e) Stjórn stofnunarinnar kveður nánar á um stöðu stúdenta í tölu starfsliðs.
- f) Annað starfslið eftir því, sem háskólaráð ákveður.
- Forstöðumaður, deildarstjórar svo og annað starfslið skulu fá greidda þóknun eftir gildandi reglum innan Háskólans eða eftir nánari ákvörðun, þegar fært þykir. Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuáðstöðu.

### 22. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 76/1958, 87 gr., og öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 13. apríl 1971.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

um breyting á byggingarsamþykkt Reykjavíkur nr. 39 24. marz 1965.

### 1. gr.

11. gr. orðist svo:

Þeir einir hafa rétt til að gera uppdrætti, skv. 8. og 10. gr., er hlotið hafa lög-gildingu byggingarnefndar.

Byggingarnefnd veitir slíka löggildingu eftirtöldum aðilum: Arkitektum og bygg-ingarverkfræðingum, hvorum á sínu sviði. Rísi ágreiningur um verksvið, sker nefnd-in úr. Heimilt er nefndinni að ákveða í löggildingu hverju sinni, hve viðtækt verk-svið aðila megi vera. Til löggildingar þarf a. m. k. eins árs starfsreynslu, er bygg-ingarnefnd telur fullnægjandi. Heimilt er að taka gilda að nokkru leyti starfsreynslu erlendis.

Þá veitir byggingarnefnd eftirtöldum aðilum löggildingu: Byggingartæknifræð-ingum, byggingarfræðingum og mönnum, er hafa svipaða menntun að dómi bygg-ingarnefndar, hverjum á sínu sviði. Rísi ágreiningur um verksvið, sker nefndin úr. Til löggildingar samkvæmt þessari málsgrein þarf 2½—5 ára starfsreynslu, sem nefndin telur fullnægjandi. Heimilt er að taka gilda að nokkru leyti starfsreynslu erlendis.

Byggingarnefnd getur áskilið, áður en hún veitir löggildingu, skv. þessari grein, að umsækjandi hafi sótt námsskeið um íslenska byggingarlöggjöf og annað, sem hún telur, að skipti sérstöku máli við mannvirkjagerð á Íslandi.

Þeir, sem rétt hafa til að gera uppdrætti, er samþykkt þessi öðlast gildi, skulu halda rétti sínum. Sama rétt skulu þeir og fá, sem rétt hafa til að kalla sig bygg-ingarfræðinga, skv. lögum nr. 78/1968, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

Sá, sem uppdrátt gerir, skal undirrita hann eigin hendi, og ber hann ábyrgð á, að uppdráttur sé réttur og gerður samkvæmt gildandi lögum og reglum og brjóti ekki í bág við rétt annarra.

Samþykktarbreyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. apríl 1971.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## **HAFNARREGLUGERÐ**

**fyrir Neskaupstað.**

### **I. KAFLI**

#### **TAKMÖRK HAFNARINNAR**

##### **1. gr.**

Neskaupstaðarhöfn tekur yfir Norðfjörð, vestan línu, sem hugsast dregin úr Uxavogstanga í Hellisfjarðarnes. Skiptist höfnin í ytri höfn og innri höfn.

- a. Ytri höfnin tekur yfir svæðið frá ytri takmörkum hafnarinnar að fjarðarbotni. Í henni er hafnarlega og allt viðlegupláss meðfram strandlengjunni norðanverðri frá Neseyri að Vindheimi.
- b. Innri höfnin er allt hafnarsvæðið og viðlegupláss innan ytri takmarka sjóvarnargarða, er ganga í sjó fram úr fjarðarbotninum.

### **II. KAFLI**

#### **STJÓRN HAFNARINNAR**

##### **2. gr.**

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

##### **3. gr.**

Hafnarstjórn hefur á hendi stjórn hafnar og hafnarsjóðs undir yfirumsjón bæjarstjórnar Neskaupstaðar. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum og 5 varafulltrúum, er bæjarstjórn kys hlutfallskosningu þannig: 3 aðalfulltrúar og 3 varafulltrúar úr hópi bæjarfulltrúa, en 2 aðalfulltrúar og 2 varafulltrúar utan bæjarstjórnar.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og annarra fastanefnda bæjarstjórnar.

Hafnarstjórn kys formann hafnarstjórnar og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra.

Bæjarstjóri hefur rétt til fundarsetu í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögu-rétti.

Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögu hafnarstjórnar. Skal hann sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétti. Heimilt er hafnarstjórn að kjósa hafnarstjóra formann hafnarstjórnar.

Undir stjórn hafnarstjórnar annast hafnarstjóri allar daglegar framkvæmdir og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni og stýrir öllum framkvæmdum þar að lútandi.